

Þóra Alberta Guðmundsdóttir, formaður.

Skýrsla stjórnar á aðalfundi FKE 7. maí 2016

Segja má að starfsárið sem nú er að ljúka hafi verið sérlega annasamt. Bar þar hæst móttaka norrænna eftirlaunakennara sem haldið var hér á landi dagana 22.-26. júní.

Mótið var haldið á Selfossi og þangað komu um 80 kennarar frá öllum Norðurlöndunum.

Stjórnin sá alfarið um allan undirbúning og var sannarlega í mörg horn að líta. Það var margt hægt að gera á Suðurlandi og aðstaðan á Hótel Selfossi var til fyrirmyndar. Það sem gerði okkur erfitt fyrir var að selflytja þurfti gestina frá Keflavík til Selfoss þar sem engar áætlunarferðir eru á milli þessara staða og komutími dreifðist yfir daginn. Allt þetta gekk þó upp að lokum en komið var fram yfir miðnætti er síðustu gestir komu á staðinn.

Eftir á að hyggja, ráðleggjum við þeim, sem sjá um næsta mót hér, að fá til liðs við sig ferðaskrifstofu sem sæi að hluta til um skipulagningu.

Við vorum virkilega heppin með veður og við gátum vel við unað, allir gestirnir voru ánægðir og nutu þess að kynna landi og þjóð. Fór hópurinn meðal annars til Vestmannaeyja og vakti sú ferð mikla hrifningu. Þá var farinn Gullni hringurinn svonefndi og síðasta daginn haldið til Hveragerðis og Reykjavíkur í skoðunarferð. Ekkó kórinn kom og söng með miklum sóma fyrsta kvöldið og vakti það bæði eftirtekt og ánægju gestanna.

Sumarferðir félagsins voru að venju tvær.

Um miðjan júlí var farið í Fljótshlíðina. Fararsjóri var Hjörtur Þórarinnsson, félagi okkar sem svo oft hefur verið okkur innan handar í þessum ferðum. Á leiðinni skoðuðum við m.a. gamla 19. aldar bæinn að Austur-Meðalholti og fannst okkur mikið til um dugnað og áhuga húsráðenda þar sem fræddu okkur um uppbyggingu og stafsemi á staðnum. Einnig var komið við á fleiri stöðum t.d. að Vola, Þingborg og Njálusetrinu. á fórum við að Breiðabólsstaðarkirkju og safnaðarformaðurinn, Óskar Magnússon, fór á kostum er hann fræddi okkur um staðinn og sveitina almennt. Fengum við síðan frábæran kvöldverð á Hótel Fljótshlíð. Mæli ég virkilega með þeim stað.

Þar sem þetta ár var afmælisár, félagið var 35 ára, vorum við stórhuga og ákváðum að fara fjögurra daga ferð til Austurlands. Fljúga til Egilsstaða og gista þar þrjár nætur. Eins og gjaldkeri mun greina frá greiddi félagið hluta af

kostnaði ferðar í þetta sinn. Er skemmst frá því að segja að þessi ferð tókst með miklum ágætum. Það var margt sem gerði þessa ferð svo ánægjulega. Vil ég sérstaklega minnst á þátt Guðrúnar Láru sem hélt í alla þræði, þekkti nánast hverja þúfu, og átti gamla og nýja vini um allt héraðið. Það var sannarlega upplifun fyrir okkur að slást í för með henni þessa daga. Of langt mál er að telja upp alla þá staði sem við fórum um. Veðrið lék við okkur eins og svo oft og mér fannst eins eins og Austurland hreinlega opnaði faðminn á móti okkur þegar við ókum úr þokubeltinu út í sólskinið í Borgarfirði Eystri, eftir það var nánast alltaf sólskin og fegurðin blasti við hvar sem við komum. Við nutum líka leiðsagnar heimamanna t.d. í Mjóafirði en þar var okkur öllum boðið í stofu á Brekku og þar fengum við kaffi og kleinur. Öll komum við ánægð og heil heim eftir þetta langa og skemmtilega ferðalag.

Fræðslu og skemmtifundir voru sem fyrr haldnir hér á Grand Hóтели og er þessi fundur nú hinn sjöundi á þessu starfsári. Á hverjum fundi var spiluð félagsvist og síðan nutu gestir góðra veitinga. Því næst var ýmislegt á dagskrá t.d. myndasýningar og frásagnir af ferðum sumarsins í umsjón Kristján Sigfússonar. Höfundarnir Iðunn Steinsdóttir og Guðrún Lára lásu upp úr nýjum bókum sínum. Pétur Bjarnason fræddi okkur um sögu harmónikunar hér á landi. Félagar úr Bókmenntaklúbbnum sáu um skemmtilega dagskrá, fluttu ljóð og lásu texta úr bókum höfunda sem höfðu verið gestir klúbbsins í vetur. Allir þessir aðilar eru félagar okkar og samstarfsmenn og var gott að geta leitað til þeirra. Þá flutti Eyrún Ingadóttir, sagnfræðingur fyrirlestur um fyrstu íslensku alþingiskonurnar og Þröstur Sigtryggsson fv. skipherra sagði okkur frá föður sínum, Sigtryggi Guðlaugssyni. Ekki má gleyma Ekkó kórnum sem kom á desemberfundinn og einnig á árshátíðina.

Árshátíð félagsins var haldin í mars og þar skemmtu listræn hjón, þau Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona og Hilmar Örn Agnarsson. Nú var brugðið út af vananum og eftir söng Ekkó kórsins var slegið upp harmónikuballi með skemmtilegum tilbrigðum t.d. var marserað eins og í gamla daga. Það hefur verið styrkur fyrir félagið hve Ekkó kórin hefur laðað til sín nýtt fólk og hve vel hefur tekist til með stjórnanda og alla starfsemi. Við þökkum Bjarti Loga fyrir ánægjulegt samstarf og erum heppin að fá hann áfram til starfa.

Þá þökkum við sérstaklega Guðfinnu Ingu sem nú hættir störfum sem formaður kórsins. Hún hefur verið formaður í fjögur ár og sinnt því starfi af alúð og dugnaði. Jafnframt er nýr formaður, Guðrún Erla boðin velkomin. Einnig ber að þakka þeim Ingibjörgu og Valborgu sem sjá um bókmenntaklúbbinn með miklum ágætum. Vil ég vekja athygli á þessum fundum og mættu gjarnan fleiri koma og njóta góðra samverustunda í gamla skólanum okkar við Laufásveg.

Við þurfum að vera dugleg að kynna félagið okkar og við ættum að hvetja kennara sem er nýhættir störfum til að skrá sig í félagið og koma og sjá til hvort þeir finni ekki eitthvað við sitt hæfi. Ég held að við getum verið nokkuð stolt af þessu félagi okkar sem nú er á þrítugusta og sjötta ári.

Það er t.d. fimm árum eldra en Félag eldri borgara í Reykjavík og geri aðrir betur.

Við höfum verið að undirbúa sumarferðirnar og er lýsing á þeim í Fréttabréfinu sem kemur til ykkar núna í maí. Dagsferðin er 21. júlí og er þá farið að Húsafelli sennilega um Þingvöll og Kaldadal og síðan um Borgarfjarðarháa. Lengri ferðin 30. ágúst-2. sept er Vestfjarðaferð. Þá er gistum við tvær nætur á Patreksfirði og eina nótt á Ísafirði.

Ég vil svo að lokum þakka ykkur fyrir samveruna í vetur og óska þess að þið eigið gott og gleðilegt sumar. Samstarfsfólk mitt í stjórn félagsins fær sérstakar þakkir fyrir ánægjulega samvinnu.